



Innleiðing velferðarstefnu Reykjavíkurborgar

# Hvað er að fréttta?

Fréttabréf nr. 4 | 3. febrúar 2022

## Ráðin til að styðja við jákvæða vinnustaðameningu

Sigríður Indriðadóttir hefur verið ráðin til að styðja stjórnendur í að móta hvetjandi vinnustaðameningu í þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Aðkoma hennar tengist verkefninu **Betri borg fyrir börn** sem felur í sér stóraukið samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Sigríður hefur að undanfögnu hitt starfsfólk á vettvangi og segir greinilegt að hjá borginni vinnur fólk með mikla sérþekkingu á sínu sviði, sem komi til með að leggja margt mikilvægt til málanna þeirri vinnu sem framundan er.

Sigríður hefur umfangsmikla reynslu í að móta og bæta menningu vinnustaða. Um margra ára skeið var hún forstöðumaður mannauðsmála, fyrst hjá Mosfellsbæ, síðar Mannviti og loks hjá Íslandspósti. Hún leggur í störfum sínum áherslu á traust, umboð til athafna, samheldni og liðsheild. „Jákvæð og hvetjandi vinnustaðarmenning hefur í för með sér að starfsfólki líði vel, og starfsfólk sem líður vel veitir betri þjónustu. BBB verkefnið kemur til vegna þess að barnið á að vera í forgrunni og það er aðalatriði í þessu mikilvæga breytingarverkefni.“

Í þessari frétt má lesa viðtal við Sigríði um verkefnið framundan.



**REYKJAVÍK**  
— fyrir okkur öll

## Nýtt auðkenni velferðarstefnunnar

Nýtt auðkenni fyrstu velferðarstefnu Reykjavíkurborgar hefur nú litið dagsins ljós. Auðkennið táknar stefnumarkandi áherslurnar sjö sem stefnan byggir á. Ýmislegt má lesa úr auðkenninu: Það minnir á fjölbreytileika mannlífsins, hvort sem er meðal íbúa Reykjavíkur eða í hópi starfsfólks velferðarsviðs. Það minnir okkur líka á að allt gengur betur þegar við styðjum hvert við annað og að Reykjavík er fyrir okkur öll

Velferðarstefnan er leiðarljós okkar allra sem störfum á velferðarsviði. Allt um hana er að finna á [velferðarstefna.is](https://www.reykjavik.is/velferdarstefna).